

Miðvikudaginn 30. marz 1955.

Nr. 19/1955. **Árnason, Pálsson & Co. h/f**
 gegn
 Tollstjóranum í Reykjavík.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árnason, Pálsson & Co. h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 200.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, tollstjóranum í Reykjavík, sem hefur sótt dómþing og krafizt ómaksbóta, kr. 150.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. apríl 1955.

Nr. 186/1954. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)
 gegn

Elíasi Hannessyni (Magnús Thorlacius)

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn lögum um iðnað.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt því, sem rakið er í héraðsdómi, verður að telja leitt í ljós, að ákærði reki ljósmyndarastarf í atvinnuskyni. Með skírskotun til þessa og að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar er 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Elías Hannesson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. ágúst 1954.

Ár 1954, þriðjudaginn 24. ágúst, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Stefáni Guðjohnsen, fulltrúa sakadómará, upp kveðinn dómur í málinu nr. 3930/1954: Ákærvaldið gegn Elíasi Hannessyni, sem þingfest var og dómtekið 3. ágúst s.l.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 5. júní 1954, en þar er ákærði, Elías Hannesson efnafræðingur, Tómasarhaga 47, ákærður fyrir að hafa veturinn 1953 til 1954 og síðastliðið vor tekið ljósmyndir af fólki á ýmsum stöðum hér í bæ fyrir borgun án þess að hafa iðnréttindi til slíkrar starfsemi. Telst brot þetta varða við 1. eða 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. tl. 15. gr., laga nr. 105/1936 um breyting á lögum nr. 18/1927 um iðju og iðnað.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. júní 1918 í Brekkukoti í Reykholtssdal í Borgarfjarðarsýslu. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum og kærnum, svo að kunnugt sé:

í Reykjavík:

1947 17/7 Sátt. 40 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

1948 21/8 Sátt. 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðastæði.

Á Akureyri:

1944 19/7 Sátt. 50 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 18. marz 1954, kærði stjórn Ljósmyndarafélags Íslands það til sakadómarans í Reykjavík, að ákærði í máli þessu, Elías Hannesson, sem ekki hefur iðnréttindi sem ljósmyndari, stundi ljósmyndagerð fyrir almenning gegn borgun. Kæru sinni til rökstuðnings var á það bent, að ákærði tæki myndir á samkomum, svo

sem í Sjálfstæðishúsinu, Góðtemplarahúsinu, Þjóðleikhúskjallaranum, Skátaheimilinu, Hlégarði, hefði tekið myndir gegn borgun á grímudansleik Stúdentafélagsins 2. marz 1954, árshátíð málara í Tjarnarkaffi 12. marz 1954, auk þess sem ákærði gangi í hús og ljósmyndi.

Sigurður Guðmundsson, formaður Ljósmyndarafélags Íslands, mætti sem vitni í máli þessu og staðfesti framangreint kærubréf og kvaðst engu sérstöku hafa við að bæta, en tók fram, að þótt aðeins fá dæmi væru nefnd í kærinni, áleit Sigurður, að starfsemi ákærða væri allviðtæk og hann hafi oft komið í sömu samkomuhúsin til ljósmyndunar. Ekki kvaðst Sigurði vera kunnugt um, hvort ákærði sæi sjálfur um framköllun og kopieringu myndanna, en honum kvaðst vera kunnugt um, að ákærði taki greiðslu fyrir, um leið og hann tekur myndirnar, og sjái að öllu leyti um afgreiðslu þeirra, og bendir hann í því sambandi á lítinn afgreiðslumiða frá ákærða, sem á stendur nafn ákærða og heimilisfang og þar fyrir neðan afgreiðsludagsetning. Afrit af slíkum miða fylgdi áðurgreindu kærubréfi. Álit vitnisins er, að um brýnt brot á iðnlöggjöfinni sé að ræða af hendi ákærða, sem engin réttindi hafi í ljósmyndaraiðn. Vitnið Sigurður ítrekar, að fyrir hönd Ljósmyndarafélags Íslands æski hann þess, að ófaglærðir ljósmyndarar, sem stundi ljósmyndatökur gegn borgun, verði látnir sæta þeirri ábyrgð, sem lög standa til, og kveðst álíta, að réttur sé brotinn gegn faglærðum ljósmyndurum, sem lagt hafa vinnu og fé í að afla sér réttinda í iðninni, verði þetta ekki gert.

Ákærði sjálfur hefur skýrt svo frá í skýrslu, sem hann gaf fyrir dómi 22. marz 1954, að rétt sé, að hann hafi síðan á síðastliðnum vetri gert nokkuð að því að koma á skemmtanir og taka þar myndir, eftir því sem óskir koma fram um á hverjum stað. Ákærði segir það rétt geta verið, að hann hafi komið á samkomur þær og hátíðir, sem taldar eru upp í kærinni, og eins viðurkennir ákærði að hafa tekið myndir í heimahúsum fyrir borgun.

Hann segir, að hann noti til ljósmyndunarinnar litla myndavél með „flash“-lampa. Hann kveðst taka, um leið og myndin er tekin, kr. 10.00 af viðskiptavinum, og hafi þeir þá greitt myndatökuna og eina mynd 6×6 cm. Ákærði kveðst ekki vinna sjálfur að framköllun og kopieringu, en láti gera það í Gleraugnasölunni, Lækjargötu 6, og veit ekki betur en fagmaður framkvæmi það þar. Um leið og ákærði hefur tekið mynd, lætur hann viðskiptavininum í té lítinn seðil og stendur á honum, hvenær sækja megí myndina eða myndirnar heim til ákærða. Ákærði kveðst álíta, að margir séu hér í bæ ófaglærðir menn, sem taka þannig myndir samkvæmt beiðnum, og sumir hverjir þeirra sjái sjálfir um framköllun og kopieringu. Ákærði kveðst enginn iðnréttindi hafa sem ljósmyndari. Hann kveðst vera tekniskur efnafræðingur, en ekki hafa fengið atvinnu í sinni grein hér.

Ekki kveðst ákærði hafa byrjað slíka ljósmyndun, sem hér um ræðir, fyrr en á síðastliðnum vetri, segir tekjur sínar af þessari starfsemi sinni litlar, en kveðst vinna fulla vinnu í Trésmiðjunni Viði hér í bæ.

Ákærði tekur skýrt fram, að ljósmyndastofu hafi hann enga, en láti aðeins, eins og áður greinir, viðskiptavinum sækja myndirnar heim til sín.

Málið fór nú til umsagnar Iðnráðs Reykjavíkur.

Í bréfi, dagsettu 11. maí 1954, taldi Iðnráðið, eftir að hafa kynnt sér málavexti, að hér væri um skýlaust brot á iðnlöggjöfinni að ræða, enda viðurkennt af hálfu ákærða, og því beri að láta hann sæta ábyrgð og fyllstu sektum. Iðnráð taldi því kærana fyllilega á rökum reista.

Ákærða var birt ákæruskjal dómsmálaráðherra, dagsett 5. júní 1954, og óskaði hann eftir Gunnari V. Jónssyni hdl. sem verjanda, og var Gunnar skipaður verjandi ákærða. Nokkuð dróst, að hann skilaði vörn í málinu, og er sá dráttur skýrður annars staðar.

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða hefur í málsvörn verið bent á nokkur atriði, sem skipaður verjandi byggir sýknukröfu á. Þessi atriði eru, að ákærði hafi enga atvinnu af þessu, sem heitið geti, að ákærði framkvæmi aðeins það einfaldasta, þ. e. myndatökuna sjálfa, að faglærðir ljósmyndarar geri sér ekki far um að ljósmynda á skemmtunum og sé því um nýja starfsemi að ræða, og að ákærði hafi ekki opna ljósmyndastofu né auglýsi sig sem ljósmyndara.

Dómurinn getur ekki fallið á það, að framangreind atriði verki til sýknu fyrir ákærða. Af framangreindri játningu ákærða um að hafa stundað ljósmyndun gegn borgun sjálfstætt og í atvinnuskyni og af öðru framkomnu í málinu lítur dómurinn svo á, að sannað sé, að ákærði hafi gerzt brotlegur við ákvæði þau, er greinir í ákæruskjali, þ. e. a. s. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 18/1927 um iðju og iðnað, þar eð hann hefur ekki iðnréttindi.

Samkvæmt 27. gr. laga nr. 18/1927, sbr. og 15. gr. laga nr. 105 frá 1936, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 500 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber og að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Gunnars V. Jónssonar hdl., kr. 500.00.

Lítils háttar dráttur varð á máli þessu, sem stafaði af því, að skipaður verjandi skilaði ekki vörn á tilsettum tíma, en grein er gerð fyrir því á öðrum stað í gögnum málsins.

Dómsorð:

Ákærði, Elías Hannesson, greiði 500 kr. í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Gunnars V. Jónssonar hdl., kr. 500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Laugardaginn 16. apríl 1955.

Nr. 196/1952. **Þóroddur E. Jónsson** (Sigurgeir Sigurjónsson)
 gegn
Theodore Klein f.h. Ladislav Sas
 (Magnús Thorlacius)
og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Ólafur Lárússon prófessor.

Umsýslulaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. desember 1952. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Varakrafa: Að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda £ 77-1-2 og \$ 140.00, að frádregnum \$ 197.00, í íslenskum krónum, miðað við gengi hinn 16. febrúar 1949.

Þrautavarakrafa: Að honum verði dæmt að greiða gagnáfrýjanda £ 96-6-6 og \$ 175.00, að frádregnum \$ 197.00, í íslenskum krónum, miðað við sama gengi og í varakröfu segir.

Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur fengið áfrýjunarleyfi 7. janúar 1953 og áfrýjað málinu með stefnu 8. s. m. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum \$ 1213.00 með 6% ársvöxtum frá 31. desember 1948 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.